

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um gatnagerðargjöld á Grenivík, Grýtu-
bakkahreppi í Suður-Pingeyjarsýslu nr. 286 29. maí 1986.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Gjaldið skal nema ákveðnum hundradshluta byggingarkostnaðar á m³ eins og hann er talinn á hverjum tíma af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

| | |
|---|----------|
| Einbýlishús, tvíbýlishús, raðhús og innbyggðar bílageymslur | 3,0% |
| Verslunar- og skrifstofuhúsnæði | 3,0% |
| Iðnaðarhús, vörugeymslur og atvinnuhúsnæði | 1,5% |
| Opinberar byggingar | 3,0% |
| Önnur hús skv. nánari ákvörðun hreppsnefndar | 1,0—3,0% |
| Bílageymslur og aðrar útigeymslur | 1,5% |

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps í Suður-Pingeyjarsýslu staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld.

Félagsmálaráðuneytið, 1. desember 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um kosningu Æskulýðsráðs ríkisins.

1. gr.

Æskulýðsráð ríkisins skal skipað fimm mönnum. Menntamálaráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar. Þrír menn skulu tilnefndir af aðildarsamtökum Æskulýðssambands Íslands og öðrum hliðstæðum æskulýðssamtökum og skulu þeir kjörnir á sameiginlegum fundi þessara aðila er menntamálaráðuneytið boðar til. Einn maður skal tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Sömu reglur gilda um varamenn.

Skipunartími er tvö ár. Ekki er heimilt að skipa sama aðila lengur en tvö kjörtímabil samfellt.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið boðar til sameiginlegs fundar með þeim aðildarsamtökum Æskulýðssambands Íslands og öðrum hliðstæðum æskulýðssamböndum, er uppfylla skilyrði 1. og 2. tl. 2. mgr. 1. gr. laga um æskulýðsmál nr. 24/1970, þar sem þrír menn eru kjörnir til setu í æskulýðsráði ríkisins og þrír til vara.

Hver samtök er boðuð eru skulu hafa einn fulltrúa, og að auki einn fulltrúa fyrir hverja 5 000 meðlimi í sérhverjum samtökum. Þó geta engin ein samtök átt fleiri en 7 fulltrúa á fundinum.